



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Stúdentaráðsfundur
27. ágúst 2024*

**- T I L L A G A -
um matarvagna í prófatíð**

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að matarvagnar venji komur sínar á háskólasvæðið á prófatíma.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Á prófatíma eyða stúdentar almennt dágóðum tíma í byggingum skólans þar sem rýnt er í bækurnar fyrir komandi próf, á slíkum stundum er nauðsynlegt bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu að næra sig vel. Því leggur stúdentaráð til að matarvagnar venji komur sínar á Háskólasvæðið á prófatíma til þess að bjóða nemendum upp á hentuga og snögga leið til að verða sér úti um fæðu. Hentugast væri ef að matarvagnarnir væru aðeins á svæðinu utan hefðbundins opnunartíma Hámu til að þrengja ekki að rekstrarumhverfi hennar.

Birkir Snær Brynleifsson, Stúdentaráðsliði Vöku